

## Fundargerð stjórnar BÍS 18/2012.

miðvikudaginn 22. ágúst 2012 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

### Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskrárráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

### Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Umræða 1
  - a. Landsmót skáta, tímalengd, uppbygging ofl.: Fyrir fundinum lágu greinargerðir frá BAÁ og JIB um málið. Samþykkt að vinna greiningu á þessu máli í samvinnu við skátaforingja og foreldra. Lögð verður fyrir könnun á fundum með skátafélögum. HGH og BAÁ annast undirbúning.
3. Umræða 2
  - a. 6 mánaða uppgjör BÍS: FF kynnti. Staðan er góð og sýnir trausta fjármálastjórn.
  - b. Grænir skátar: Rætt var um merkingar og myndefni. HS falið að halda verkefninu áfram.
  - c. Fundir með skátafélögum: Tillaga að tímasetningum samþykkt. Svæðisforingjar verða hvattir til að nýta þetta tækifæri til að hitta sín félög.
4. Mál til kynningar og bókunar:
  - a. Menningarnótt: Stjórn BÍS þakkar skátafélögum, Skátasambandi Reykjavíkur, skátum og starfsmönnum sem að verkefninu komu kærlega fyrir. Verkefnið gekk í heildina vel og var skátum til sóma. Verkefnið var unnið í samstarfi við SSR. Nokkrir hnökrar komu fram við framkvæmdina sem fara þarf yfir og læra af. Nauðsynlegt er að velta fyrir sér hvort þetta sé heppilegur vettvangur til kynningar á skátastarfi og þá hvernig best sé að útfæra verkefnið.
  - b. Forvarnadagurinn 2012: Dagurinn verður haldinn miðvikudaginn 24. október. Undirbúningur er að hefjast.
  - c. Aðalfundur Þjóðþrifa ehf: Fundurinn verður haldinn miðvikudaginn 5. september kl. 17:00 í Skátamiðstöðinni.
  - d. Starfsmannamál: Fyrirspurnir hafa borist til stjórnarmanna um það hvort ekki sé óheppilegt að nýjir starfsmenn Skátamiðstöðvarinnar séu ekki með virkan bakgrunn í skátastarfi. Stjórn BÍS er meðvituð um þessa staðreynd og mun styðja við bakið á starfsmönnum eftir fremsta megni.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 19:40

Fundargerð ritaði JA